

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál á Fljótsdalshéraði.

*Deiliskipulag leikskólalóðar við Skógarlönd/Seyðisfjarðarveg, Egilsstöðum.*

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 19. október 2005 deiliskipulag fyrir leikskóla á svæði fyrir þjónustustofnanir á mótum Skógarlanda og Seyðisfjarðarvegar á Egilsstöðum. Í deiliskipulaginu felst afmörkun leikskólalóðar fyrir rúmlega 1000 m<sup>2</sup> byggingu á einni hæð fyrir allt að 157 börn. Norðan lóðarinnar er jafnframt opið svæði.

*Deiliskipulag hesthúsabyggðar í landi Fossgarðis á Fljótsdalshéraði.*

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 19. október 2005 deiliskipulag fyrir hesthúsabyggð í landi Fossgarðis. Deiliskipulagssvæðið er 59,5 ha að stærð. Fyrir á svæðinu eru tvær byggingar um 700 m<sup>2</sup>. Gert er ráð fyrir 19 nýjum hesthúsum í þremur þyrpingum. Jafnframt er gert ráð fyrir reiðhöll, reiðvelli, tanningagerði, beitarhólfum, reiðstígum og akvegum ásamt tilheyrandi bílastæðum.

*Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Úlfsstaða á Völlum, Fljótsdalshéraði.*

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 19. október 2005 endurskoðun á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Úlfsstaða. Deiliskipulagið er endurskoðun á deiliskipulagi á sama stað, sem samþykkt var 1. ágúst 1990, lóðum fjölgar um 8 austan við svæðið, jafnframt er felld út lóð 1 í eldra skipulagi. Stærð svæðis er 21 ha, fjöldi lóða er 40 og stærð lóða frá 3690-6700 m<sup>2</sup>.

Ofangreind skipulagsmál hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Fljótsdalshéraði, 9. nóvember 2005.*

**Ómar Þ. Björgólfsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2005